

ÁRSSKÝRSLA 2020

TEXTÍLMIDSTÖÐ ÍSLANDS OG ÞEKINGARSETUR Á BLÖNDUÓSI

Efnisyfirlit

Formáli forstöðumanns	3
Stjórn, varastjórn og fulltrúaráð	4
Skýrsla formanns stjórna.....	5
Starfsfólk	6
Kynningarmál og útgáfa	7
Húsnæði, námsver og TextíLab	8
Viðburðir og fræðsluefni	9
Innlend samstarfsverkefni	10
Erlend samstarfsverkefni	11
Fjármál	13

Ritstjóri:

Elsa Arnardóttir

Höfundar:

Elsa Arnardóttir

Hulda Brynjólfsdóttir

Jóhanna Erla Pálmadóttir

Katharina Schneider

Ragnheiður Björk Þórsdóttir

Umbrot:

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Ljósmyndir:

Katharina Schneider, Katrín, Elsa Arnardóttir

Prófarkalestur:

Sigurbjörg Jóhannesdóttir

Útgefendur:

Textílmíðstöð Íslands og Þekkingarsetur á Blönduósi

Árbraut 31, 540 Blönduósi,

Heimasíða:

<https://textilmidstod.is>

Netfang:

textilmidstod@textilmidstod.is

Útgáfa, maí 2020

cc by-4.0

Formáli forstöðumanns



Nú eru liðin rétt rúm tvö ár síðan að stjórnir og fulltrúaráð Textílmíðstöðvar Íslands og Þekkingarseturs á Blönduósi og Textíllistamiðstöðvarinnar voru sameinaðar þann 8. janúar 2019. Starfseminni hefur vaxið mjög ásmegin - ekki síst vegna þátttökunnar í Evrópuverkefninu *Centrinno*. Það er að hafa gríðarlega jákvæð áhrif á alla starfsemina og er ef vel tekst til mikil lyftistöng fyrir þróun og nýsköpun í tengslum við textíl á Íslandi. Forsaga þeirrar þátttöku er í gegnum samstarf við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og það tengslanet sem stofnunin hefur byggt upp og aðstoð Karls Friðrikssonar fyrrum stjórnarformanns Textílmíðstöðvarinnar og hans samstarfsfólks. Kunnum við þeim okkar bestu þakkir fyrir.

TextílLab / stafræn smíðja með áherslu á textíl er líka að verða að veruleika með Uppbyggingastyrk úr Innviðasjóði til tækjakaupa og aðstöðu og samnings við Blönduósbæ vegna húsnæðis. Áform eru um að vinna að rannsóknum, nýsköpun og þróun í tengslum við líftextíl í samstarfi við BioPol á Skagaströnd. Líftextíl er nánast óþlæggður akur á Íslandi. Þessi þróun og möguleikarnir á þeirri þekkingaryfirfærslu, sem felst í því öfluga samstarfi

sem Textílmíðstöðin tekur þátt í, gefur tækifæri til að byggja upp háskólanám í textíl. Námið byggir á líftækni og stafrænni tækni sem í leiðinni stuðlar að góðri þjónustu og þróun námskeiða í tengslum við textílinn.

Ullin er okkar helsta hráefni til textílgæðar. Hún hefur líka verið í sviðsljósinu og lagði viðhorfskönnun meðal sauðfjárbænda um ullina og möguleika á að efla verðmæti þeirra ullar sem í dag er verðlítill grunn að nokkrum samstarfsverkefnum.

Umhverfismál, hringrásarhagkerfið, áhersla á innlend hráefni og stafræn tækni hefur augljóslega hljómgrunn bæði innanlands og erlendis og er leiðarljósið við áframhaldandi uppbyggingu miðstöðvarinnar. Einu blikurnar á lofti eru í tengslum við hversu faliðu miðstöðin er. Hún hefur 2 ½ stöðugildi og þar af ½ stöðugildi sem er fjármagnað af Textíllistamiðstöðinni til að sinna þeirri starfsemi.

Gæftir hafa verið góðar, aflinn og sóknarfærin eru mörg en það á eftir að vinna mest af aflanum og til að hægt sé að fjölga ennfrekar sóknarfærum er nauðsynlegt að fjölga starfsfólki.

Elsa Arnardóttir

Stjórn, varastjórn og fulltrúaráð

Fulltrúar Heimilisiðnaðarfélagsins

Hulda Brynjólfsdóttir, framkvæmdastjóri smáspunaverksmiðjunnar Uppspuna, **ritari og varaformaður, og fulltrúi fyrirtækja í stjórn tók við sem formaður stjórnar** af Karli Friðrikssyni sem var kjörin fulltrúi í stjórn af fulltrúaráðinni en hann sagði af sér sem stjórnarmaður í lok nóvember.

Nýir stjórnarmeðlimir eru *Áslaug Thorlacius* sem kjörin var af fulltrúaráðinu í varastjórn á síðasta ársfundi og *Kristveig Halldórsdóttir* sem tilnefnd var af félagasamtökum í varastjórn.

Helga Sigurbjörnsdóttir sem jafnframt sat í stjórn sem fulltrúi félagasamtaka lést síðastliðið haust. Helga var búin að leggja uppbyggingunni lið í mörg ár. Áður en hún tók sæti í stjórn Textílmíðstöðvarinnar hafði hún áður setið í stjórn Textílsetursins.

Auk áður nefndra fulltrúa sitja í stjórn

- *Unnur Valborg Hilmarsdóttir*, SSNV og
- *Katrín María Káradóttir*, Listaháskóla Íslands,

Fyrir ársfundinum fundinum liggur að fulltrúar á ársfundi kjósi einn aðila í varastjórn og að fulltrúar félagasamtaka tilnefni sinn fulltrúa varastjórn.

Í varastjórn eiga sæti

- *Erla Björg Örnólfsson*, Hólaskóli-Háskólinn á Hólum, fulltrúi stofnana,
- *Halldór Gunnar Ólafsson*, Byggðasamlag um atvinnu- og menningarmál, fulltrúi sveitarfélaga og
- *Sigurður Sævar Gunnarsson*, Ístex, fulltrúi fyrirtækja.

Aðilar að fulltrúaráði

Fulltrúar sveitarstjórnarstígsins;

- *Lee Ann Maginnis*, Blönduósbær,
- *Einar Kristján Jónsson*, Húnavatnshreppur,
- *Halldór Gunnar Ólafsson*, Byggðasamlag um atvinnu- og menningarmál og
- *Unnur Valborg Hilmarsdóttir*, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Fulltrúar stofnana

- *Anna Margrét Sigurðardóttir*, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi,
- *Áslaug Thorlacius*, Myndlistaskólinn í Reykjavík,
- *Bryndís Þráinsdóttir*, Farskólinn Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra,
- *Erla Björk Örnólfsson*, Hólaskóli - Háskólinn á Hólum,
- *Helga Harðardóttir*, Byggðastofnun,
- *Karl Friðriksson*, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, K
- *Katrín Káradóttir*, Listaháskóli Íslands,
- *Rósa Björk Jónsdóttir*, Landbúnaðarskólinn Íslands, Þórný Hlynsdóttir, Háskólinn á Bifröst,
- *Þorkell V. Þorsteinsson*, Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra.

Fulltrúar fyrirtækja

- *Birna Björnsdóttir*, Landsvirkjun.
- *Hulda Brynjólfsson*, Uppspuni,
- *Hrönn Vilhelmsdóttir*, Textíll ehf,
- *Kristinn Karlsson*, Kidka,
- *Páll Kr. Pálsson*, Varma,
- *Sigurður Sævar Gunnarsson*, Ístex.

Fulltrúar félagasamtaka

- *Kristín Vala Breiðfjörð*, Heimilisiðnarfélag Íslands,
- *Kristveig Halldórsdóttir*, Textílfélag Íslands,
- *Þórhalla Guðbjartsdóttir*, Vinir Kvennaskólans á Blönduósi.

Skýrsla formanns stjórnar



Stjórnina skipa fimm fulltrúar og jafn margir varamenn. Stjórnin hefur tekið breytingum á síðasta starfsári og stend ég hér í stað Karls Friðrikssonar sem sagði af sér formennsku í nóvember á síðasta ári. Ég vil nota tækifærið til að þakka Karli fyrir hans framlag í stjórnarformennsku sinni. Tengslanet hans og þekking var mikil lyftistöng fyrir Textílmíðstöðina Helga Sigurbjörnsdóttir lést á síðasta ári og votta ég aðstandendum hennar samúð og þakka henni fyrir hennar störf í stjórn. Í þeirra stað komu til liðs við stjórnina þær Kristveig Halldórsdóttir og Áslaug Thorlacius og býð ég þær formlega velkomnar til stjórnarstarfa, en þær hafa sinnt stjórnarstörfum í vetur.

Það er líklega að bera í bakkafullan lækinn að minnst hér á Covid -19, en það er nú samt ástæðan fyrir því að stjórnarfundir hafa verið haldnir svo til eingöngu á netinu og allt okkar starf takmarkað og fjarlæggt. En framundan eru breyttir tímar og hækkandi sól boðar bæði Þrjónagleði og aðra samfundi. Það er sannarlega ástæða til að fagna, hittast og gleðjast.

Forstöðumaður Textílmíðstöðvar hefur rakið þau verkefni sem hér eru í vinnslu og þið sjáið að gróskan er mikil. Það er því spennandi að mega taka þátt í svo frjóu starfi og fylgjast með þeirri uppbyggingu sem á sér stað hér á Blönduósi.

Við viljum fjölga í okkar lið og óska eftir samstarfi við fleiri aðila á okkar sviði. Víst er að því fleiri sem koma að starfinu, því fleiri fá að heyra af því sem hér á sér stað.

Blönduós geymir fjöregg hér í Kvennaskólahúsinu Fjöregg sem sveitarfélagið, Norðurland vestra og Ísland allt getur haft hag af að varðveita og efla Fjöregg eru viðkvæm. að þeim þarf að hlúa og kasta þeim varlega á milli sín eins og skessurnar gerðu forðum. Ég tel að starfsfólk Textílmíðstöðvar sé vel í stakk búið til að fylgja eftir þeim verkefnum sem hér verða unnin og afla fleiri verkefna til viðbótar.

Ég óska Textílmíðstöðinni til hamingju með sitt frábæra starf og hlakka til framhaldsins.

Hulda Brynjólfssdóttir

Starfsfólk

Elsa Arnardóttir er forstöðumaður Textílmíðstöðvarinnar. Elsa er með B.A. próf í mannfræði og heimspeki frá Háskóla Íslands, diplómu í textíl frá Myndlistaskólanum í Reykjavík og meistargráðu í listkennslu frá Listaháskóla Íslands. Elsa hefur umsjón með daglegum rekstri stofnunarinnar, öflun fjármagns og verkefna og verkefnastýringu.

Jóhanna Erla Pálmadóttir er verkefnastjóri hjá Textílmíðstöðinni. Jóhanna er textílkennari frá Håndarbejdet's Fremmes Seminarium í Danmörku. Jóhanna er hugmyndasmiður Vatnsdælu á Refli og höfundur fjölda prjónauppskrifta. Jóhanna er verkefnastjóri Prjónagleðinnar, sérfræðingur í ullarvinnslu, prjóni og útsaum.

Katharina Schneider er verkefnastjóri hjá Textílmíðstöðinni. Katharina hefur M.A. gráðu í sagnfræði og ensku frá Háskólanum í Freiburg í Þýskalandi og diplómagráðu í bókasafns- og upplýsingafræði frá Háskóla Íslands. Hún hefur umsjón með upplýsinga- og kynningarmálum, námsveri og fjarprófum háskólanema í Kvinnaskólanum og sér um allar þýðingar.


Ragnheiður Björk Þórsdóttir er sérfræðingur í vefnaði hjá Textílmíðstöðinni. Ragnheiður útskrifaðist úr Textíildeild Myndlista- og Handíðaskóla Íslands og er með meistargráðu í listkennslu frá Háskólanum á Akureyri. Ragnheiður hefur haft umsjón með hagnýtu rannsóknaverkefni; *Bridging Textiles to the Digital Future 2017-2020*.

Svanhildur Pálsdóttir er markaðs- og viðburðastjóri Prjónagleðinnar 2021. Svana er grunnskólakennari frá Kennaraháskóla Íslands með textíl sem aðalfag. Hún er einnig með alþjóðlega D-vottun í verkefnisstjórnun [Certified Project Management Associate].

Greta Clough vann tímabundið að markaðssetningu Prjónagleðinnar 2020 þar til að ljóst var að ekki yrði af hátíðinni sökum Covid.

Aðstoðarfólk vegna Rannís verkefnis eru:

- *Cornelia Theimer-Gardella*, ljósmyndari og veflistakona
- *Guðbjörg Stefánsdóttir*, fatahönnunarnemi.



Kynningarmál og útgáfa



TEXTÍLMÍÐSTÖÐ
ÍSLANDS

Um okkur

Þekkingarsetur

Textíllistamiðstöð


Prjónagleði

Vefnaður

Ullarþon 2021



English



Stefna Textílmíðstöðvar í upplýsinga- og kynningamálum er að veita góðar, fróðlegar og myndrænar upplýsingar um fjölbreytt verkefni þess og þau markmið sem að er stefnt. Markhópurinn er bæði innanlands og utan og tungumálin því íslenska og enska.

Vefsíða

Á vefsíðu Textílmíðstöðvar Íslands og Þekkingarseturs á Blönduósi, má nálgast á einum stað fréttir af starfsemi Textílmíðstöðvar og Textíllistamiðstöðvar.

- <https://textilmidstod.is>
- <https://textilecenter.is>

Samfélagsmiðlar

Textílmíðstöð er með Facebook síðu þar sem áherslan er lögð á að deila fréttum og myndrænu efni.

Þegar pistlar eru settir inn á samfélagsmiðla er notuð merkingin: **#textilmidstod**

Prjónagleði er með eigin Facebook síðu:

- <https://www.facebook.com/knittingfestival>

og Instagram síðu:

- <https://www.instagram.com/icelandknitfest/>

Á samfélagsmiðlum notar Prjónagleði merkinguna: **#icelandknitfest**

Fréttabréf

Fréttabréf Textílmíðstöðvarinnar og Textíllistamiðstöðvarinnar er sent út rafrænt til áskrifenda tvisvar á ári. Fjöldi áskrifenda eru nú 923.

Annað

Gerð er grein fyrir starfseminni í svæðisbundnum fjölmiðlum. Textílmíðstöðin tekur þátt í menntunar- og menningartengdum viðburðum á svæðinu og sendir fulltrúa á ráðstefnur tengdum sérsviðum setursins og á ársfund þekkingarsetra.

Gestakomur voru fáar vegna Covid en ráðherra ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunar, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir sótti Textílmíðstöðina heim ásamt föruneyti um miðjan september og fékk kynningu á fyrirhuguðu Textíllabi.

Jafnframt var kynning á starfseminni fyrir sveitarstjórn Blönduósbæjar.

Starfsemin var líka kynnt fyrir mennta- og menningarmálaráðherra á sameiginlegum kynningarfundum þekkingarsetranna 9. september 2021, sem var haldinn á Internetinu. Upphaflega átti kynningin að fara fram á Höfn í Hornafirði en vegna Covid þurfti að hætta við það.



Námsver

Námsverið þjónar mikilvægu hlutverki fyrir íbúa í Austur-Húnavatnssýslu með því að bjóða upp á góða þjónustu og aðstöðu til fjarnáms, staðbundins náms og próftöku í samstarfi við aðila fullorðinsfræðslu og háskóla.

Það er flókið fyrir fámenna stofnun að mæta ólíkum kröfum og tímasetningum. Það á sérstaklega við á próftökutímabilum, þegar próftími og fraágangur úrlausna gerir kröfu til yfirvinnu starfsmanna.

Námsverið skapar mikilvæg tengsl við íbúana og jafnframt skapast tengsl við þá aðila sem eiga nemendur sem eru í námi og/eða taka próf í Kvinnaskólanum. Lögð er mikil áhersla á góða þjónustu og hefur Textílmíðstöðin ekki verið með próftökugjöld.

Húsnæði

Húsnæðismálin voru í deiglunni á síðasta ári og verða væntanlega næstu árin. Til að koma TextíLabinu á fót var gerður samningur á milli Textílmíðstöðvarinnar og Byggðarsamlags um atvinnu og menningarmál í Austur-Húnavatnssýslu. Mál þróuðust þannig að Blönduósbær yfirtók samninginn og verður TextíLabið til húsa í gömlu prentsmiðjunni að Þverbraut 1. Styrkurinn kemur frá Innviðasjóði á móti þeim kostnaði sem fellur til við að koma upp aðstöðunni. Húsnæðið er afar heppilegt fyrir TextíLab, hátt til lofts, bjart og vítt til veggja. Það fékkst jafnframt fjármagn frá ríkinu til að breyta bílskúrunum og gömlu kyndistöðinni fyrir framan Kvinnaskólann í vinnustofur og er sú vinna hafin.

TextíLab

Uppbygging á rannsóknainnviðum í textíl-opnun TextíLabs á Þverbraut 1 í samstarfi við Blönduósbæ.

Sótt var um uppbyggingarstyrk í Innviðasjóð til uppbyggingar á stafrænum innviðum í textíl. Styrkurinn fékkst og er búið að festa kaup á;

- stafræn þrjónavél
- nálaþæfingarvél, stafrænn vefstóll
- stafrænnútsaumsvél
- leiserskeri
- vínylskeri/prentari

Áhersla er á að byggja upp innviði fyrir frekari rannsóknir, nýsköpun, þróun á notkun séríslensks hráefnis og framleiðslu á textíl. Innviðirnir skapa grundvöll fyrir rannsóknir og kennslu, námskeiðahald og ráðgjöf, sérstaklega á sviði stafræns textíls.

Við innviðaupbygginguna er áhersla lögð á:

1. kaupum á tækjum sem veita möguleika á að vinna með allar helstu aðferðir við að vinna þráð í efni, s.s þrjón og vefnað.
2. Í öðru lagi er lögð áhersla á tækjakost sem vinnur með óspunna ull (þæfingu) en það er vinnsluaðferð sem hentar íslensku ullinni einkar vel.
3. Í þriðja lagi er áhersla á að byggja upp tækjakost sem gefur möguleika á samspili milli vinnsluaðferða/tækja og frekari vinnslu efna svo sem útsaum, þrykk og skurð á efni.

Tækjakosturinn sem fjárfest verður í gefur einnig möguleika á að rannsaka þróun efnisþráða úr nýjum efnum eða efnasamsetningum. Með tækjunum er einnig hægt að vinna þrjú með ólíkum aðferðum sem síðar er hægt að nýta bæði til frekari rannsókna og til iðnaðarframleiðslu á textíl (fatnaðar, heimilstextíll o.frv.).

Aðgengilegur tækjakostur og þekking á ólíkum aðferðum og leiðum á sama stað gefur alveg nýja möguleika í allri hönnun og framleiðslu á textíl á Íslandi.

Prjónagleði

Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra styrkti Textílmíðstöðina til að ráða viðburðar- og markaðsstjóra fyrir Prjónagleðina 2020. Gréta Clough listakona var ráðin. Í mars 2020 var sú ákvörðun tekin að fresta Prjónagleðinni til næsta árs vegna Covid. Það þýddi að Gréta starfaði bara í tvo mánuði. Svanhildur Pálsdóttir tók síðan við keflinu um haustið. Prjónasamkeppni var haldin og unnu prjónarar út frá þemanu **Blanda** og prjónuðu húfur. Samkeppnin var haldin á Facebook og bærust myndir af 21 húfu og voru þær birtar á Facebook—síðu Prjónagleðinnar og flest „like“ fékk Guðlaug Oddgeirsdóttir. Í öðru sæti var Liz Chave og í þriðja sæti var Rúna Gísladóttir. Þær hlutu verðlaun frá Ístex, Vilko, Isgel og Kidka.

Námsefnisgerð fyrir stafrænan vefnað

Textílmíðstöðin fékk styrk til að þróa námsefni um vefnað og stafrænan vefnað og til kaupa á nýjum stafrænum vefstól frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands vestra. Lokið var við gerð námsefnis í *stafrænum vefnaði*. Guðbjörg Þóra Stefánsdóttir hafði umsjón með verkefninu. Námsefnið er þrjúþætt, kennsla á hugbúnað, grunnþættir í vefnaði og uppsetning vefs í stafrænan vefstól.

Forsenda þess að geta nýtt þá möguleika sem stafrænn vefnaður hefur upp á að bjóða er kunnátta og skilningur á vefnaði. Til þess að geta unnið á stafrænan vefstól þarf einnig kunnáttu í tölvuforritum svo sem *Weave point* og *Photoshop*.

Haldin voru þrjú vefnaðarnámskeið

Á árinu 2020 voru haldin þrjú vefnaðarnámskeið. Ragnheiður Björk Þórsdóttir hafði veg og vanda af öllum undirbúningi og kennslu en námsefnið var jafnframt prufukeyrt.

Á námskeiðunum var farið yfir möguleika vefstólsins og kennt hvernig Photoshop forritið er notað til að gera öll vefskjöl sem ofin eru í TC2. Nemendur fengu þjálfun í að gera vefskjöl með einum, tveimur og þremur litum og ófu síðan sín skjöl. Í framhaldinu var síðan námskeið í uppsetningu og meðferð á TC2 vefstól.

Samtök þekkingarsetra

Stofnfundur samtaka Þekkingarsetra (SPS) var haldinn 22. apríl 2020. Um er að ræða netverk þekkingarsetra á landsbyggðinni sem starfa samkvæmt samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Meðal samningsbundinna verkefna setranna eru rannsóknir og þróun til eflingar byggðar, þjónusta við háskólanema, hagnýting og miðlun þekkingar sem og efling nýsköpunar, atvinnu og samfélagsþróunar. Hin nýstofnuðu samtök hafa þann tilgang að efla samvinnu setranna á landsbyggðinni. Gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra og efla skilning á mikilvægi starfseminnar.

Nýsköpunarsjóður námsmanna

Textílmíðstöðin tók þátt í tveimur nemendaverkefnum styrktum af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Nema í arkitektúr í Listaháskóla Íslands í samstarfi við Nýsköpunarmíðstöð Íslands og Blönduósbæ unnu tillögur um hvernig mætti nýta húsnæði Kvinnaskólans.

Verkefnið, **FLOKK TILL YOU DROP**, var samstarfsverkefni Fatasöfnunar Rauða Kross Íslands, Listaháskóla Íslands, Háskóla Íslands og Textílmíðstöðvar. Nemendurnir komu úr fatahönnun, vöruhönnun og mannfræði. Í verkefninu fólst að flokka eitt tonn af fötum og efnisgreina. Rekja fötin til upprunalanda auk þess að skrá ferlið og vinna kynningarefni til að varpa ljósi á þá fatasóun sem á sér stað hér á Íslandi.

Verkefnið gekk afar vel og fékk mikla athygli. Það var tilnefnt sem eitt af tíu verkefnum til nýsköpunarverðlauna forseta Íslands en varð að endingu ekki valið.

Viðhorfsrannsókn meðal sauðfjárþænda

Skoðanakönnun um verðmæti ullarinnar og viðhorf sauðfjárþænda.

Unnið í samstarfi við Landssamtök sauðfjárþænda og Félagsvísindastofnun HÍ.

Helstu áherslupættirnir í verkefninu voru:

- ullarræktun og viðhorf þænda
- könnun á því hvort mögulegt sé á að auka verðmæti ullarinnar
- finna viðmið fyrir ull og ullarvörur
- koma á fót sölusíðu fyrir ull og ullarvörur sem eru rekjanlegar til tiltekins býlis (kindar!) og uppfylla kröfur um sjálfbærni.

Verkefnið var styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins og sjávar- og landbúnaðarráðherra.

Hönnunarmars

Sýningin „Hefðbundin munstur í stafrænni framtíð“ var haldin á Hönnunarmars 2020. Sýningin stóð yfir frá 24.-28. júní og var haldin í húsnæði að Hverfisgötu 83. Verkin á sýningunni voru unnin af Ragnheiði Björk Þórsdóttur og Guðbjörgu Þóru Stefánsdóttur í tengslum við Rannsóknarverkefnið „Bridging the Textile to the Digital Future“ sem lauk síðastliðið haust. Hluti af rannsóknarverkefninu var að setja safn munstra frá fyrrum kennurum í Kvinnaskólanum á stafrænt form og geta allir áhugasamir skoðað og til og sér grunninn á heimasíðu Textílmíðstöðvarinnar. Gagnagrunnur var opnaður við opnun sýningarinnar af mennta- og menningarmálaráðherra Lilju Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra. Fjórir nemendur sem hlutu styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna 2019, til þess að vinna með munstur í eigu Textílmíðstöðvarinnar kynntu einnig hugmyndir sínar í gluggum húsnæðis undir heitinu Arfleifð og nútíminn.

Centrinno

Evrópusamstarfsverkefnið, *Centrinno – new centralities in industrial areas as engines for innovation and urban transformation*, hófst í september og var haldinn byrjunarfundur á Internetinu dagana 28. til 29. október 2020. Textílmíðstöðin er þátttakandi í þessu umfangsmikla Evrópuverkefni undir áætluninni Horizon 20/20, ásamt Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) og Háskóla Íslands (HÍ).

Á hverjum stað eru unnin *Pilot* verkefni og auk Blönduós eru stofnanir í átta evrópskum borgum þátttakendur í verkefninu: Amsterdam, París, Kaupmannahöfn, Genf, Barcelona, Tallinn, Zagreb, Mílanó. Í verkefninu er lögð mikil áhersla á að nýta möguleika stafrænnar tækni.

Breytingar vegna frumvarps nýsköpunarráðherra um opinberan stuðning við nýsköpun þar sem lagt var upp með að leggja NMÍ niður um áramót varð til þess að Textílmíðstöðin og HÍ tóku yfir verkþætti NMÍ. Það var gert í samráði við Mílanóborg og fulltrúaráð Centrinno en bíður endanlegs samþykkis Evrópusambandsins.

Markmiðið með verkefninu er að gera Blönduós að blómlegri miðstöð textíls á Íslandi þar sem boðið er upp á nútímalega aðstöðu til rannsókna, þróunar og kennslu á sviði textíls. Með verkefninu skapast einstakt tækifæri til nýsköpunar og þekkingaryfirfærslu. Í verkefninu er lögð áhersla á menningararfinn, íslenska staðhætti, nýtingu íslenskra hráefna í tengslum við hugmyndafræði hringrásahagkerfisins og mikil áhersla er lögð á möguleika stafrænnar tækni.

- Lögð er rík áhersla á að allar útfærslur og lausnir taki mið af þeim áskorunum sem umhverfismál setja.
1. Stuðlað sé að fjölbreyttri starfsemi sem tekur tillit til samfélagslegra þátta og eflir nýsköpun.
 2. Að menningararfinn sé notaður sem innblástur til nýsköpunar með áherslu á samfélagslega þætti.

Miðstöðvar skapandi lausna eru í brennidepli þar sem þær hafa það hlutverk að fá hagsmunaaðila til að gegna lykilhutverkum í allri framtíðaruppbyggingu.

Hver borg eða svæði stýrir sínu tilraunaverkefni út frá ákveðinni aðferðafræði. Skoðaðar eru undirliggjandi hugmyndir og þræðir á hverjum stað auk umhverfispáttá. Það mun því koma upp á yfirborðið flókin marglaga saga mismunandi staða og svæða í Evrópu. Öll gögn eru sett í sameiginlegan gagnagrunn. Einnig er búið að stofna sameiginlega heimasíðu fyrir verkefnið <https://centrinno.eu>. Sérstaða verkefnisins á

Íslandi er að því er ætlað að byggja upp Textílmíðstöð sem þjónar öllu landinu.

Áherslan er á að handverksfólk, kennarar starfsmenntun, frumkvöðlar, framkvæmdafólk og smáfyrirtæki hafi aðgengi að þekkingu, tækjum og tólum til að geta tileinkað sér og nýtt möguleika stafrænnar tækni í sinni framleiðslu. Í verkefninu er jafnframt áhersla á að rannsaka textíl framleiðslu bæði handverksfólks og smáiðnað í textíl og sér HÍ um þann þátt verkefnisins.

Virðisaukakeðjan verður skoðuð sérstaklega, hversu mikið handverkið og smáframleiðslan er að skila o.s.frv. Í framhaldinu verða þróuð úrræði til að efla þá einstaklinga sem vilja skapa sér lífibrauð í tengslum við textíl og textílframleiðslu.

Áherslan á Íslandi er á textílinn og verkefnið gefur möguleika á að:


Að byggja upp vinnuaðstöðu með áherslu á verkþekkingu, menningararfinn og og eflingu kunnáttu á þeim möguleikum sem felast í stafrænni tækni.

- Efla möguleika á smáiðnaði tengdum textíl á Norðurlandi vestra og Íslandi öllu.
- Leggja áherslu á þau tækifæri sem felast í hringrásarhagkerfinu og nýtingu svæðisbundinna hráefna eins og ullar.
- Styrkja það samstarf sem þegar er til staðar og stuðla að frekara samstarfi og deila þekkingu með samstarfsaðilum í Evrópu.

Í CENTRINNO rannsóknarverkefninu er stefnt að því að við lok þess (lok árs 2023) verði búið að:

1. Byggja upp net 25 hagsmunaaðila sem taki virkan þátt í uppbyggingu nýsköpunar í Textílmíðstöðinni.
2. Koma að lágmarki tíu nýjum textílvörum í framleiðslu.
3. Til verði í það minnsta tvö sprotafyrirtæki á verkefnistímanum.
4. Að störfum tengdum textíl fjölgi í það minnsta um þrjá.

Til að verkefnið gangi eftir á Íslandi er nauðsynlegt að efla aðgengi að allri helstu stafrænni tækni sem notuð er við framleiðslu á textíl og textílvörum. Jafnframt er mikil áhersla lögð á að gera menningararfinnum hátt undir höfði og nýta hann sem innblástur í nýsköpun og þróun.



Vettvangsnám erlendra skóla

Starfsemi Textílmíðstöðvar Íslands og Textíllistamiðstöðvarinnar tengjast með ýmsum hætti og ekki síst þegar um er að ræða heimsóknir erlendra skóla. Starfsfólk Textíllistamiðstöðvarinnar sér um alla kennslu en nemendur eru hýstir af Textíllistamiðstöðinni.

Árleg heimsókn nemenda frá PK fagskólanum í Kaupmannahöfn sem í þetta skipti voru fjórir, fengu tilsögn í refsisaum og saumuðu af kappi í Vatnsdælarefil Jóhönnu E. Pálmadóttur. Nemendurnir komu í byrjun janúar og dvöldu í þrjár vikur.

Í júní á þessu ári var von á átján nemendum frá Concordia listaháskólanum í Kanada en því miður var því aflýst vegna Covid veirunnar en koma vonandi að ári. Einnig var búist við nemendum í vettvangsnám listnema frá Háskólanum í Colorado í Bandaríkjunum sem frestaðist fram á næsta ár.

NORA - North Atlantic Wool Walks & Workshops

Textílmíðstöðin leiðir umsókn í NORA í samstarfi við aðila í Færeyjum, Noregi og Grænlandi sem snýr að þróun ferðamennsku sem tengist sameiginlegum menningararfi, ullinni af kindum af stuttrófukyninu.

Verkefnisheitið er *Wool walks and workshops* og fékk verkefnið fullan styrk og hefst árið 2021.

Fiber Focus

Styrkur fékkst frá norska menntamálaráðuneytinu til samstarfsverkefnis við Sommerakademiet í Noregi, sem leiðir verkefnið. Áætlað er að það hefjist árið 2021

Erasmus+ verkefnið Allure

Allure (Alfabetización Liberadora: accesibilidad Universal en Recursos para la Educación permanente / Literacy for freedom: Universal Accessibility in Cultural Resources for Permanent Education.

Samstarfsverkefni á sviði fullorðinsfræðslu sem snýr að upplýsingamiðlun til jaðarhópa á menningarviðburðum. Í verkefninu verður útfært app sem allir þátttakendur geta nýtt sér við að kynna námskeið og viðburði. Í verkefninu er líka ætlunin að þróa námskeið sem skapar vettvang fyrir einstaklinga sem tilheyra ólíkum menningarhópum til að vinna saman. Verkefnið stendur yfir í tvö ár og hefst árið 2021.

Samstarfsaðilarnir eru *Xunta de Galicia* sem er samstarfsvettvangur sjálfstjórnarhéraðsins í Galícíu, *Warsztaty Kultury w Lublinie-Workshops of Culture in Lublin*, *Háskólinn í Vigo* og *AEP í Portúgal* (Associação empresarial de Portugal / samtök fyrirtækja). Verkefnið hefst 2021.

Nordic Culture Point

Textílmíðstöðin og Textíllistamiðstöðin hlutu einnig nýverið sex tveggja mánaða styrki frá *Nordic Culture Point/Nordic Baltic Mobility Programme* til að styrkja framúrskarandi listamenn frá Norðurlöndum og Eystrasaltslöndunum til að koma til Íslands (2019-2021) og vinna að list sinni og nýsköpun. Lögð er áhersla á að listamennirnir séu með verkefni sem tengjast samfélaginu, kynnist íslenskri textíllífi og nýsköpun og kynni hana á alþjóðlegu samstarfi.

Á síðasta ári dvöldu þau *Petter Hellsing*, sem hefur m.a. í sinni list skoðað sambandið á milli handverks og stafrænnar tækni, og *Josefin Tingvall* á Blönduósi. Í ár er von á *Kärt Ojavee* frá Eistlandi og *Søren Krag* frá Danmörku sem kemur til með að vinna sín verk í stafræna vefstólnum.

Fjármál

KPMG ehf. annast bókhalds- og launavinnslu auk endurskoðunar, reikningsskila og skattskila fyrir Textílmíðstöð Íslands og Þekkingarsetur á Blönduósi og Textíllistamiðstöð.

Fyrir árið 2020 voru heildartekjur Textílmíðstöðvarinnar 49.515.000

Afkoma af rekstri miðstöðvarinnar var jákvæð um 3.100.000

Opinber framlög námu 23.938.000

Tekjur úr verkefnasjóðum 21.567.684

Þar af styrkur úr H2020 áætlun Evrópusambandsins 3.447.432

Nánari upplýsingar má finna í ársreikningi Textílmíðstöðvarinnar

